



cutting through complexity™

Skýrsla til bæjarstjóra

TRÚNAÐARMÁL

Garðabær

Febrúar 2016



Skjal sótt af '00000000000' dags 25.03.2026

Í tengslum við þessa skýrslu
má hafa samband við:

Magnús Jónsson

Partner

magnusjonsson@kpmg.is

Lilja Dögg Karlsdóttir

Senior manager

lkarlsdottir@kpmg.is

Inngangur

Bls.

2

**Athugasemdir og ábendingar tengdar innra eftirliti og
fjárhagskerfi**

4

Samantekt á eldri athugasemdum og ábendingum

5



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími: +354 545 6000
Fax: +354 545 6001

Trúnaðarmál

Reykjavík 15. febrúar 2016

Garðabær

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri

Garðatorgi 7

210 Garðabær

k.t. 570169-6109

Efni: Skoðun á innra eftirliti og fjárhagskerfi árið 2015

Í tengslum við endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2015 viljum við með þessari skýrslu gera grein fyrir helstu niðurstöðum varðandi innra eftirlit og fjárhagskerfi sveitarfélagsins og stofnana þess.

Í desember 2015 skoðuðum við innra eftirlit sveitarfélagsins með áherslu á áhættuþætti og ferla sem meðal annars sneru að tekjuskráningu, kostnaðareftirliti, launum, útgreiðslu fjár og öryggi upplýsingakerfa. Skoðun okkar, sem er hluti af endurskoðun ársreiknings, beindist að þeim þáttum innra eftirlits sem hafa veruleg áhrif á ársreikning sveitarfélagsins. Tilgangur með skoðuninni er að leggja mat á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins á árinu 2015 til þess að geta metið þörf á frekari endurskoðunaraðgerðum við endurskoðun á ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2015.

Hér á eftir fara ýmsar upplýsingar sem taldar eru geta komið að gagni varðandi innra fyrirkomulag, auk ýmissa athugasemda/ábendinga og tillagna um úrbætur.

Skýrslan er í tveimur hlutum þar sem athugasemdir eru dregnar fram í fimm dálka formi. Fyrri hlutinn fjallar um ýmis atriði sem fram komu við endurskoðunina, hvaða áhætta getur falist í þeim og á hvern hátt megi draga úr eða koma í veg fyrir hana. Þessi atriði hafa verið borin undir stjórnendur og starfsmenn hjá sveitarfélaginu, eftir því sem við hefur átt í hverju tilviki, og er greint frá skýringum þeirra og tillögum til úrbóta. Seinni hlutinn er samantekt á nokkrum athugasemdum sem fram komu í skýrslu um skoðun á innra eftirliti og fjárhagskerfi hjá sveitarfélaginu fyrir árið 2014 og staða þeirra mála.

Athugasemdum og ábendingum er skipt í þrjú stig:

Flokkun niðurstöðu	
Lýsing	
1	Hátt – Undir fyrsta stig falla athugasemdir/ábendingar sem taldar eru mikilvægastar og til að tryggja að úrbætur nái fram að ganga eru æðstu stjórnendur sveitarfélagsins upplýstir um þær. Um slíkar athugasemdir/ábendingar er því að jafnaði fjallað í endurskoðunarskýrslu til bæjarstjórnar, en að auki er ítarlegri umfjöllun um þær í skýrslu til bæjarstjóra þegar við á.
2	Miðlungs – Undir annað stig falla athugasemdir/ábendingar sem talið er nægjanlegt að fjalla um í skýrslu til bæjarstjóra. Í endurskoðunarskýrslu til bæjarstjórnar er þó að jafnaði getið um athugasemdir/ábendingar við einstaka þætti starfseminnar frá fyrra ári, sem ekki hafa verið lagfærðir og falla undir þetta stig.
3	Lágt – Undir þriðja stig falla athugasemdir/ábendingar sem ræddar eru við fjármálastjóra, aðalbókara eða aðra þá sem málið varðar, en ekki er talin ástæða til að fjalla um í endurskoðunarskýrslu til bæjarstjórnar. Þessar athugasemdir/ábendingar eru ekki eins mikilvægar og athugasemdir í stigum eitt og tvö, en samt talið nauðsynlegt að koma þeim á framfæri á viðeigandi hátt.

Athugasemdir/ábendingar eru settar fram þannig að helstu veikleikar eru dregnir fram í fimm dálka formi þar sem í fyrsta dálki er lýsing á því atriði sem skoðað var, í öðrum dálki er sú athugasemd/ábending sem við viljum koma á framfæri, í þriðja dálki er fjallað um þá áhættu sem veikleikinn getur haft í för með sér, í fjórða dálki eru settar fram tillögur okkar um úrbætur og í fimmta dálki koma fram viðbrögð stjórnenda/starfsmanna hjá sveitarfélaginu.

Virðingarfyllt,
KPMG ehf.
Magnús Jónsson

Afrit:
Lúðvík Jónsson, fjármálastjóri
Þorbjörg Kolbeinsdóttir, deildarstjóri bókhaldsdeildar

Skoðun innra eftirlits og fjárhagskerfis 2015

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Áhrif / möguleg áhrif	Tillögur okkar um úrbætur	Viðbrögð stjórnenda / starfsmanna
2. stig Rekstur Þjónustumiðstöðvar	Tekjur þjónustumiðstöðvar eru langt undir rekstrarkostnaði. Áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2015 er neikvæð sem nemur 48,9 millj. kr. og árið 2016 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan verði neikvæð um 51,9 millj. kr.	Raunkostnaður við rekstur þeirra deilda sem þiggja þjónustu frá þjónustumiðstöð er vantinn.	Þar sem hækkun taxta og úrbætur í verkbókhaldi duga ekki til að standa undir rekstrarkostnaði þá þarf að skoða hvort nauðsynlegt er að Aðalsjóður veiti árlegt framtal sem nemur áætlaðri fjárförf.	Skoðað verði á árinu 2016 að félagsþjónustan taki þátt í launakostnaði og aðalsjóður greiði framlag til þjónustumiðstöðvar eins og gert er í Garðahúsum.
3. stig Orlofsmál	Samkvæmt reglum Garðabæjar um töku orlofs sem settar voru 2011 ber starfsmönnum að taka sér orlof sem nemur öllum áunnum orlofsstundum á orlofsárinu. Samkvæmt kjarasamningi nema orlofsstundir á bilinu 192 – 240 fyrir fullt ársstarf. Starfsmenn hafa þó heimild til að fækka uppsöfnuðum orlofsstundum um 20% á ári næstu 5 ár þar á eftir þ.e. fram til ársins 2015. Við endurskoðun ársreiknings 2014 kom í ljós að 73 starfsmenn áttu meira en 200 stundir ónýttar í árslok 2014 og því er ljóst að ekki er farið að reglum um töku orlofs.	Ef stór hluti þessara starfsmanna myndi láta af störfum á sama tíma þá væri um verulega útlagðan launakostnað að ræða fyrir sveitarfélagið. Þá getur tregða starfsmanna til að taka sér frí verið vísbending um sviksemi og eykur því sviksemisáhættu sveitarfélagsins.	Að settum reglum um töku orlofs verði fylgt. Skilvirkast væri að deildarstjóri launadeildar eða mannauðsstjóri bæru ábyrgð á því.	Mannauðsstjóri verði falið að fylgja settum reglum eftir.

Skoðun innra eftirlits og fjárhagskerfis 2014

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða
3. stig Greiðslufirlit fjárhagsaðstoðar ekki yfirfarið	Greiðslufirlit fjárhagsaðstoðar er ekki yfirfarið með samanburði við samþykktir afgreiðslufunda. Félagsráðgjafar hafa heimild til að senda greiðslubeiðni á gjaldkera.	Æskilegt væri að yfirmaður félagsþjónustunnar yfirfari mánaðarlegar greiðslur vegna fjárhagsaðstoðar og beri saman við samþykktu fjárhagsaðstoð þess mánaðar. Lagt er til að yfirferðin sé unnin með sýnilegum hætti.	Febrúar 2015	Brugðist hefur verið við ábendingum okkar. Bókhaldsdeild fer yfir útreikning fjárhagsaðstoðar í hvert sinn sem hún er greidd út og ber saman við samþykktu fundargerð félagsþjónustu. Ef misræmi er á milli þá er hvert tilvik skoðað í samvinnu við félagsþjónstuna.

Skoðun innra eftirlits og fjárhagskerfis 2013

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða
3. stig Tilfærslusamningar við starfsmenn	Ekki hefur verið gengið frá tilfærslusamningum við alla starfsmenn sem færðust yfir til sveitarfélagsins við yfirtöku sveitarfélagsins á starfsemi Holtsbúðar á árinu 2013.	Að þrýst verði á að þetta mál leysist sem fyrst.	Janúar 2014	Óbreytt staða. Samkvæmt upplýsingum frá launadeild hefur enn ekki verið gengið frá slíkum samningum.
3. stig Yfirferð stjórnenda fyrir launagreiðslur	Fjármálastjóri hefur bætt við nýju eftirliti með launagreiðslum fyrir útborgun. Framkvæmd þess hefur þó ekki verið skjöluð með formlegum hætti og því er ekki hægt að staðfesta virkni þess.	Að framkvæmd eftirlitsins verði skjöluð með formlegum hætti.	Janúar 2014	Brugðist hefur verið við ábendingum okkar að hluta. Samkvæmt upplýsingum deildarstjóra launadeildar og fjármálastjóra þá fer fjármálastjóri yfir gögn fyrir útborgun en sú yfirferð er ekki sýnilegt.
3. stig Yfirferð stjórnenda eftir launagreiðslur	Síðustu ár hafa fjármálastjóri og mannauðsstjóri tekið mánaðarlega úrtak úr launakeyrlum og borið saman við undirgögn. Á árinu 2013 hefur eftirlitið ekki verið framkvæmt vegna mikils álags í kjölfar sameiningar við Álfanes og yfirtöku á Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð.	Að eftirlitinu verði komið aftur á eins fljótt og auðið er.	Janúar 2014	Brugðist hefur verið við ábendingum okkar að hluta. Með upptöku nýs launakerfis færðist eftirliti yfir til forstöðumanna á árinu 2015. Eftirlitið hefur verið innleitt í stofnunum bæjarins en fáir forstöðumenn hafa staðfest launalista fyrir sína stofnun fyrir alla mánuði ársins sem liðu frá innleiðingu þess.

Skoðun innra eftirlits og fjárhagskerfis 2013, frh.

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða
3. stig Afslættir af leikskólagjöldum	Við endurskoðun kom í ljós ósamræmi á milli texta í gjaldskrá leikskólagjalda og töflu með útreiknuðu gjaldi er varðar veittan afslátt til einstæðra foreldra af sérstöku gjaldi sem innheimt er vegna vistunar á leikskólum umfram 8 klst. á dag. Í texta gjaldskrárinnar kemur skýrt fram að afsláttur sé veittur af grunngjaldi en ekki er getið til um að afsláttur sé einnig veittur af umframgjaldi, en tafla með útreiknuðu gjaldi gerir ráð fyrir að veittur sé afsláttur af umframgjaldi.	Að þess verði gætt að samræmi sé í útreiknuðu gjaldi og texta í gjaldskrá á hverjum tíma.	Janúar 2014	Brugðist hefur verið við ábendingum okkar. Þetta hefur verið samræmt.
3. stig Afstemmingar viðskiptakrafna	Formlegt ferli vegna afstemminga á innheimtukröfum hefur verið sett fram en því hefur ekki verið fylgt sem skyldi.	Að kröfur verði stemmdar af með reglubundum hætti og að vinnugögn vegna afstemmingarvinnunnar verði varðveitt með formlegum hætti svo hægt sé að staðfesta virkni eftirlitsins.	Janúar 2014	Brugðist hefur verið við ábendingum okkar. Unnið er eftir formlegu ferli sem komið var á.



cutting through complexity™

© 2016 KPMG ehf., á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative („KPMG International“), svissnesku samvinnufélagi.

Nafn, kennimark KPMG og “cutting through complexity” eru vörumerki KPMG International Cooperative (KPMG International).